

Alþingi
Erindi nr. P 143/184
komudagur 11.11.2013

Umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Þórunnar Pálinu Jónsdóttur lögfræðings
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10, 3. hæð

Reykjavík, 6. nóvember 2013

Íslenskri málnefnd barst tölvupóstur frá Umhverfis- og samgöngunefnd 4. nóvember 2013 þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp um byggingarvörur (þingskjal 61, 61. mál). Nefndin ræddi beiðnina á fundi sínum 5. nóvember og komst að þeirri niðurstöðu að 4. gr., 10. gr. og 13. gr. snerti verksvið Málnefndarinnar. Áður en rætt verður um einstakar greinar vill Íslensk málnefnd minna á íslenska málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009. Aðalmarkmið málstefnunnar er „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“ (Íslenska til alls 2009:11).

Í 4. grein frumvarpsins stendur:

Yfirlýsing um nothæfi byggingarvöru skal lögð fram á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.

Síðar í sömu grein stendur:

Framleiðendur, innflytjendur og dreifendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Mannvirkjastofnun, afhenda stofnuninni allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að byggingarvaran sé í samræmi við yfirlýsinguna um nothæfi og aðrar viðeigandi kröfur í reglugerð ESB nr. 305/2011, á íslensku eða öðru tungumáli sem Mannvirkjastofnun samþykkir.

Málnefndin getur ekki fallist á orðalagið „íslensku, ensku eða Norðurlandamáli ...“ og ekki heldur á orðalagið „á íslensku eða öðru tungumáli sem Mannvirkjastofnun samþykkir“.

Textinn á undantekningarlaust að vera á íslensku en síðan má birta hann einnig á öðru tungumáli ef þurfa þykir.

Varðandi eftirfarandi orðalag í 10. gr: „Yfirlýsingin skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku.“ gildir sama athugasemd og við 4. gr.

Í 13. gr. stendur:

Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu framleiðendur, innflytjendur og dreifendur sjá til þess að vörunni fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að leiðbeiningar um notkun eða upplýsingar um öryggi byggingarvöru fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarsviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Hér er hið sama á ferðinni. Íslensk málnefnd gerir enn athugasemd við orðalagið „á íslensku eða ensku“. Hún telur það svo sjálfsagt að leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi séu á íslensku að lokasetning málgreinarinnar sé óþörf. Þar ætti fremur að taka fram að viðkomandi upplýsingar megi einnig birta á ensku.

F.h. Íslenskrar málnefndar,

Guðrún Kvaran
formaður